

## Myndakvöld

Seinna myndakvöld vetrarins verður haldið í Skaftfellingabúð fimmtudaginn 28. febrúar kl. 20.

Sýndar verða myndir frá ferðalögum yfir Skeiðarársand áður en brúað var og eins frá brúarframkvæmdum. Þá verða einnig sýndar myndir sem Páll Arason tók. Hann kom fyrst í Öræfin 1954, og síðar með fyrstu ferðamenn yfir Skeiðarársand á bil árið 1961. Sýnd verður kvikmyndin „Síðasti þroskuldurinn“ sem Vegagerðin lét gera um framkvæmdir á Skeiðarársandi.

Seldar verða léttar veitingar í hléi.



Guðjon Jónsson frá Fagurhólsmýri á leið yfir Hrúta á Jöklasól 1968.

### Málping og myndasýning um Skaftafell

Málping um skógræktarreit Skaftfellingafélagsins í Heiðmörk, verður haldið í gamla bænum að Elliðavatni (aðkeyrsla frá Rauðhólum), fimmtudaginn 17. apríl, kl. 20.

Sýndar verða myndir frá upphafsárum gróðursetningarinnar. Auk þess verða flutt erindi og sýndar tillögur að göngustígum og annarri aðstöðu sem fyrirhugað er að ráðast í á komandi árum fáist til þess fjármagn.

Seldar verða léttar veitingar. Nánari dagskrá auglýst þegar nær dregur.

### Stjórn Skaftfellingafélagsins 2007-2008

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@umh.stjr.is
Árman Ó Sigurðsson	553 6156	693 7425	armann@verktaki.is
Ingibjörg Ingimundardóttir	478 1570	862 3433	ingangi@mi.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@technik.is
Stefán Bjarnason	565 3919	822 8895	stefan@seltjarnarnes.is
<b>Varamenn</b>			
Guðrún B Jónsdóttir	587 3315	659 3315	gulla@straumur.net
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpalsson@actavis.is
Jón Rafnsson	551 2566	863 3177	jrbass@mmedia.is

### Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Ingu Jónu Sigfúsdóttur, s. 863 2087.

### Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið: [skaftfellingar@simnet.is](mailto:skaftfellingar@simnet.is)

## Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

1. tbl. janúar 2008

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

• **Íslandsmeistarar-  
mót í Hornafjarðar-  
manna**  
Skaftfellingabúð  
8. febrúar 2008 kl. 20

• **Myndakvöld**  
Skaftfellingabúð  
fimmtudaginn  
28. febrúar 2008 kl. 20

• **Skaftfellingamessa  
í Breiðholti skirkju**  
sunnudaginn  
9. mars 2008 kl. 14

• **Málping/mynda-  
sýning um  
Skaftafell**  
Skógræktarreit  
Skaftfellingafélagsins  
í Heiðmörk  
fimmtudaginn  
17. apríl 2008 kl. 20

• **Aðalfundur**  
í Skaftfellingabúð  
fimmtudaginn  
15. maí 2008

• **Grisjun í Heiðmörk**  
laugardaginn  
24. maí 2008

• **Vorferð**  
laugardaginn  
7. júní 2008

• **Skálm**  
Miðvikudaga kl. 19:30  
Laugardaga kl. 11:00

# Þorralót

Skaftfellingafélagsins verður haldið  
**laugardaginn 26. janúar 2008**

í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178  
og hefst kl. 20:00.  
Húsið opnað kl. 19:00.

Veislustjórn og skemmtidagskrá annast Dúett  
Söngvararnir og fjörkálarnir  
Davið Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson  
Undirleikari Helgi Hannesson.  
[www.duett.is](http://www.duett.is)

Glæsilegt þorrahlaðborð að vanda.

Hljómsveit Hilmars Sverrissonar og Helga Möller  
leika fyrir dansi að borðhaldi loknu.

Miðapantanir til og með 24. janúar hjá

*Helga Pálssyni, s. 899 4818*  
*Ingu Ingimundar, s. 478 1570*  
*Skúla Oddssyni, s. 864 3415*  
*Stefáni Bjarnasyni, s. 822 8895*

**Aðgangur aðeins kr. 3.000**

## Aðalfundur

Aðalfundur Skaftfellingafélagsins verður haldinn í Skaftfellingabúð, fimmtudaginn 15. maí, kl. 20.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Félagsmenn hvattir til að fjölmenna.

Veitingar að loknum fundi í boði

félagsins.

Stjórnin.

## Skaftfellingamessa

Prestar Breiðholtskirkju og

Skaftfellingafélagið standa fyrir

guðsþjónustu í Breiðholtskirkju

sunnudaginn 9. mars nk. klukkan 14.

Núverandi og fyrrverandi sóknarprestar

frá Vík og Kirkjubæjarklaustri ásamt

prestum Breiðholtskirkju, þeim sr. Gísla

Jónassyni og Bryndisi Möllu Elidóttur

(áður þjónandi í Vík og Klaustri) sjá um

messuhald ásamt söngfólki úr

kirkjukörum í Vestur-Skaftfellssýslu og

Söngfélagi Skaftfellinga.

Að lokinni messu selur Söngfélagið kaffi

og kökur í safnaðarheimilinu og flytur

nokkur lög undir stjórn Friðriks Vignis

Stefánssonar.

Skaftfellingar hvattir til að fjölmenna og

taka með sér gesti.



Breiðholtskirkja í Mjódd

## Skálm

Enn er skálmað á...

**laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)**

**og á miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.)**

Miðvikudagsgöngur eru frá Víkingsheimili

(bilastæði við Lækjarás þjálfunarstofnun – Stjórngróf 7)

**Næstu laugardagsgöngur:**

19.1: Hvaleyrarvatn

26.1: Úlfarsfell (frá skógrækt)

2.2: Mosfellsbær – Álafoss

9.2: Heiðmörk–Furulundur

16.2: Mosfellsdalur – frá Gljúfrasteini

23.2: Hvaleyrarvatn

1.3: Úlfarsfell (frá skógrækt)

8.3: Heiðmörk–Furulundur

15.3: Grafarvogur – Egilshöll

22.3: Hvaleyrarvatn

29.3: Heiðmörk–Furulundur

5.4: Úlfarsfell (frá skógrækt)

12.4: Heiðmörk–Furulundur

19.4: Mosfellsdalur – frá Gljúfrasteini

26.4: Hvaleyrarvatn

3.5: Esja frá Mógilsá

Upplýsingar hjá Gunnu s. 897 6382

Sumargangan verður að þessu sinni í

Skotlandi. Þrettán hafa bókað sig í þá

ferð 5.-12.júní, þar sem gengnir verða 83

km á fjórum dögum með leiðsögn.

*West Highland Way er 153 km gönguleið milli*

*Milngavie (úthverfis Glasgow) og Fort William. Þetta*

*er vinsælasta gönguleið í Skotlandi, hana ganga*

*50.000 manns árlega. Leiðin liggur í gegnum*

*eitthvert fallegasta svæði landsins, meðfram*

*vötnum og tignarlegum fjöllum, um skóga, dali og*

*heiðar. Gangan er í meðallagi erfið, ekkert þrill og*

*því við hæfi flestra. www.skotganga.co.uk*



Í Hveradölum 3.11.2007  
Gunnþóra, Lauga og Gunna

Ljóm. Gyða Siggeirsdóttir

## Söngfélag Skaftfellinga

Söngstarfið hófst nú eftir hátíðirnar með söngæfingu þann 8. janúar 2008.

Framundan er

- Skaftfellingamessa 9. mars sem haldin verður að venju í Breiðholtskirkju. Kirkjukórar úr Vestur Skaftafellssýslu og Söngfélag Skaftfellinga syngja. Kaffisala og söngur í safnaðarheimili eftir messu.
- Söngferð á Hornafjörð dagana 18. – 20. apríl. Tónleikar í Hafnarkirkju 19. apríl. Að venju verða dvalarheimili í sýslunum heimsótt og sungið fyrir vistmenn.
- Vortónleikar kórsins verða 1. maí og kaffiboð aldraðra að tónleikum loknum. Nánar um það í næsta fréttabréfi.

Það væri afar ánægjulegt að fá fleira söngfólk til liðs við kórinn.

Stjórnandi er Friðrik Vignir Stefánsson.

Æfingar eru öll þriðjudagskvöld kl. 20 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178.

Stjórn kórsins veitir nánari upplýsingar.

Sigurlína S. Kristjánsdóttir	s. 862 6789
Hákon J. Kristmundsson	s. 821 2115
Kjartan Kjartansson	s. 894 9488
Sigurlaug J. Sigurðardóttir	s. 891 7354
Svandís P. Kristiansen	s. 897 0956
Þóra G. Ingimarsdóttir	s. 898 2427



Söngfélagið á Aðventustund 2007

Ljóm. SMS

## Vorferð

Vorferðin verður farin um nágrenni Reykjavíkur laugardaginn 7. júní 2008. Nánara fyrirkomulag verður auglýst í næsta fréttabréfi.



Vorferð um Borgarfjörð 2005 – Nestisstöpp í botni Hvalfjarðar

## Grisjun í Heiðmörk

Árleg hreinsun verður í skógræktarreit félagsins laugardaginn 24. maí, kl. 10-16 Vonast er til að allir áhugasamir sjái sér fært að taka til hendinni part úr degi og hafi meðferðis sagir eða klippur.

Ekki er lengur hægt að komast inn í Heiðmörkina frá afleggjara austan Hólmsár og því þarf að fara lengri veg um Rauðhóla þar til kemur að afleggjara merktum Hraunslóð og að Hólmslíð. Sjá kort á [www.heidmork.is](http://www.heidmork.is)



Að lokinni grisjun í Heiðmörk 2004 Ljóm. Gyða Siggeirsdóttir  
Páll, Guðrún, Þóráanna, Halla, Lauga, Inga Jóna, Kristinn, Skuli, Vigfus og Páll